# Bjartahlíð

# 2025– 2026



**Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

# Efnisyfirlit

1 Greinargerð leikskólastjóra ........ 3

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025 ........ 5

3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026........ 7

4 Innra mat xxx deildar/deilda 2024-2025 (Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs)........**Error! Bookmark not defined.**

5 Umbótaáætlun 2024-2025 (takið afrit af töflunni fyrir hvern umbótaþátt) ........ 9

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans. ........ 33

7 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvastutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans. ........ 34

8 Foreldrasamvinna........ 34

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal ........ 35

10 Fylgiskjöl ........ 35

# 1 Greinargerð leikskólastjóra

Það hefur verið í nógu að snúast hjá okkur í Björtuhlíð síðastliðinn vetur. Nýr leikskólastjóri tók við og eins og vaninn er þá tekur það smá tíma að læra inn á starfshætti, kynnast börnum, foreldrum og samstarfsfólki. Við nýttum veturinn í að finna þær leiðir sem okkur langar að fara með skólann og héldu stjórnendur skólans marga fundi til að sammælast um leiðir og aðferðir. Mikill áhugi var á yngir deildunum í Grænuhlíð fyrir Reggio Emilia starfinu og voru deildarstjórar þar duglegir að setja upp verkefni og stöðvar sem börnin fengu að prófa sig áfram í að rannsaka og upplifa, þvílík unun sem leikskólastjóri að fylgjast með börnunum upplifa þetta.

Eitt af því sem var mesta áskorunin fyrir nýjan leikskólastjóra var að vinna í tveim húsum og fá starfsstövarnar til að vinna að sömu markmiðum, einnig að fá 6 deildarstjóra til að ganga í takt við stefnu skólans. Til að bregðast við þessu þá buðum við upp á fræðslu um Reggio Emilia á starfsdögum, vorum með hópavinnur og annað til að allir væru með í þróun þessarar sýnar og hefðu eitthvað um hlutina að segja. En eins og gengur og gerist þá er fólk með mismunandi áhuga á stefnum þannig að það nokkrir starfsmenn helltist úr lestinni í lok skólaárs sem var ekki hlynnt þessum aðferðum.

Stór hluti vetrarins hjá skólastjórnendum hefur farið í að funda og undirbúa skólann fyrir framkvæmdir sem voru núna í sumarlokuninni. En planið var að skipta út gluggum og hurðum á suður hlið skólans, einnig var ákveðið að skipta út gólfefnum á deildum, breyta smávægilegu skipulagi innandyra og mála. Vegna framkvæmda var ekki hægt að taka á móti börnum í Grænuhlíð 24 eftir sumarlokun, því hafa eldri börnin okkar verið í tímabundnu húsnæði í Safamýri 5 og er enn beðið eftir að við fáum húsið afhent til að koma okkur fyrir og taka á móti börnunum. Við byrjuðum á því að deilda húsnæðinu í Safamýri 5 með leikskólanum Laugasól þar sem þau hafa einnig verið í húsnæðis veseni.

Tveir aðilar hafa verið ráðnir til starfa til okkar í Björtuhlíð sem munu sjá um móttöku barna og foredra af erlendum uppruna, einnig höfum við ráðið til okkar tónlistarkennarar þar sem okkur langar að fara að nota tónlist til málörvunar. Mikil tilhlökkun fyrir því að bæta þessum verkefnum inn hjá okkur.

Næsta haust ætlum við í innleiðingarferli stefnu í anda Reggio Emilia með börnum, foreldrum og starfsfólki. Í haust verða kynningar fyrir foreldra og starfsfólk á hvað Reggio Emilia er og meginaherslum næsta veturs sem verður barnið og umhverfi þess. Við erum að byrja í samstarfi við þrjá aðra leikskóla í innleiðingu á Reggio og eru skólarnir komnir mislangt á leið í því ferli. Þetta eru Langholt, Vinagerði og Bjartahlíð sem munu hefja þessa vegferð með sameiginlegum fundum, kynningum og námskeiðum. Þannig fær starfsfólk tækifæri til að spegla sig í öðru starfsfólki sem er að vinna að svipuðum markmiðum og hjálpa hvort öðru við innleiðingu námsaðferðar. Við ætlum að reyna að festa Reggio námssýnina í Sunnuási með hjálp hinna leikskólanna og búa þannig til lærdómssamfélag starfsfólks þvert á skóla. Mikil tilhlökkun er í starfsmannahópnum fyrir þessu samstarfi og munum við leikskólastjórar leiða það fyrst til að byrja með og virkja síðan starfsfólk okkar í kjölfarið.

Af fræðslu sem leikskólinn hefur boðið starfsfólki uppá er fjölbreytt, en þar má nefna að allt starfsfólk fékk fyrstu hjálp, uppeldi sem virkar færni til framtíðar námkeið sem Rakel leikskólastjóri hélt, fræðsla um Torgið, BOFS námskeið um kynferðisofbeldi gegn börnum, nýliðanámskeið borgarinnar, tókum fyrir grunnþætti menntastefnu borgarinnar, hegðunarráðgjafar frá vestumiðstöð héldu fyrirlestur um vinnu með óæskilega hegðun barna, Jóel leikari var fenginn með skemmtilegan fyrirlestur og svo höfum við hvatt starfsfólk til að nýta sér Torgið þar sem hafsjór af námskeiðum er að finna.

Með hlýrri kveðju

Rakel Ólafsdóttir

Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

## Innra mat

| Hvað var metið? | |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Starfsmannakönnun Stofnun ársins |
| **Hverjir tóku þátt í matinu?**<br>**(starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Allir starfsmenn fengu boð en helmingur tók þátt. |
| **Helstu niðurstöður mats**<br>**(styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Í heildina kom matið vel út þó eru nokkrir hlutir sem við viljum vinna frekar með. Starfsmenn virtust vera stoltir af vinnustað sínum og fannst það vera metnaðarfullt í starfi sínu. Það sem við sáum helst koma fram var að fólk var ekki ánægt með vinnuaðstæður og innvist en það er allt í ferli þar sem húsið er í framkvæmdum og vonumst við til að starfsfólk finni fyrir bættari starfsaðstæðum. Tækifæri til umbóta var einnig að starfsandi virtist hafa dalað eitthvað frá því í síðustu könnun og höfum við í vetur verið að vinna að því að styrkja starfsmannafélagið og reynt að vera með smá skemmtilegt á starfsmannafundum í bland við fræðslu. |

## Ytra mat

| Hvað var metið? | |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Könnun send á foreldra |
| **Hverjir tóku þátt í matinu?**<br>**(starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Foreldrar |
| **Helstu niðurstöður mats**<br>**(styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Helstu niðurstöður mats voru að foreldrar voru að mestu mjög ánægðir með starfsemi leikskólans en lægstu skorin voru húsakostur og áhyggjur vegna myglu og lélegra loftgæða í leikskólanum.<br>Verið er að vinna af fullum kröftum að úrbótum húsnæðis leikskólans, þar sem verið er að setja upp loftræstikerfi inn á allar deildir, nýjir gluggar og hurðar á allri suður hlið skólans og ný gólfefni. Einnig hafa |

| | |
|---|---|
| | stjórnendur farið í lítilháttar breytingar á einni deildinni sem við meinum að munu bæta starf skólans. |



# 2 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

| Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | Frekari innleiðing Reggio Emilia hugmyndafræði. Tengjum þar við innleiðingu Barnasáttmála UNICEF sem er annað innleiðingarverkefni skólaárið 2025-2026. |
| **Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?** | Skólanámskrá Björtuhlíðar leggur til grunnstefnu sem er Reggio Emilia nálgun á leikskólastarfið ásamt. Unnið með öllu starfsfólki á starfsdögum þar sem starfsfólk fær fræðslu og tekur virkan þátt í vinnuhópum. Bjartahlíð er í hópi fimm leikskóla sem ætla í samstarf varðandi innleiðingu Reggio Emilia stefnunnar. Skólarnir eru komnir mislangt í ferlinu en þarna skapast góður vettvangur til umræðu og stuðnings. Nú þegar er búið að plana kvöldfundi með samstarfsskólunum til að upplýsa alla um hvaða vegferð við erum að fara í. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Við munum dusta rykið af þekkingu okkar á Reggio Emilia starfinu og miðla til nýrra starfsmanna til að efla okkur enn frekar í þeirri hugmyndafræði sem við aðhyllumst. |
| **Ábyrgð** | Stjórnendur |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Haust 2025 og ekki áætluð lok á samstarfi |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Við munum meta vinnuna jafnóðum á deildarstjórafundum og á fundum með tengiliðum samstarfsins. Einnig munum við fá börnin um miðjan vetur til að segja okkur frá þeirra skoðunum og hvaða hluti breytinganna þeim finnst hafa heppnast best/verst. |
| **Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði** | Að starfsfólk verði öruggara í vinnu sinni með Reggio Emilia kenninguna og skilji betur hvers konar vegferð við erum á leiðinni í með skólann okkar. Einnig er mjög mikilvægt að |

| | |
|---|---|
| | börnin fái að upplifa forvitni og undrun af umhverfi sínu þar sem það verður okkar megin áhersla þennan skólavetur. |

| **Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat** | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðuþjóðanna |
| **Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?** | Stefnt er að innleiðingu Barnasáttmálans í leikskólann og munum við fá handleiðslu frá Miðstöð menntunar við þá innleiðingu |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Námskeið verður haldið fyrir starfsmenn á starfsdegi þar sem kemur aðili sem heldur utan um verkefnið mun halda utan um þá fræðslu |
| **Ábyrgð** | Allir |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Haust 2025 og eru áætluð lok 2027 |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Mat mun fara fram jafnt og þétt yfir veturinn á deildarstjórafundum. Við munum einnig meta innleiðinguna á starfsdögum þar sem allt starfsfólk kemur með hugmyndir að  því hvað þeim finnst hafa gengið vel og hvað mætti betur fara. Svo munum við meta framfarirnar í vor þegar við förum að vinna að starfsáætlun.<br>Líklega verður einnig mat á vegum Miðstöðvar menntunar, sem mun halda utan um innleiðinguna. |
| **Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði** | Viðmiðið er að börnin í Björtuhlíð átti sig á og skilji hvað réttindi barna eru, að þau hafi eitthvað um nám sitt að segja og finni fyrir því að það sé hlustað á skoðanir þeirra. |

## 3 Umbótaáætlun 2024-2025 (takið afrit af töflunni fyrir hvern umbótaþátt)

### Grenihlíð

| **Hvað var metið?** | Sjálfsefling |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Matið fór fram meðal starfsmanna á deildarfundi. |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Bárður, Snorri, Elísabet, Kolbrún og Sandra. |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Í fataklefanum eru þau langflest farin að klæða sig sjálf í útifötin.<br>Í matartímum þá höfum við verið með hlaðborð þar sem þau sjá sjálf um að skammta sér á disk og ganga frá eftir sig. |

| **Hvað var metið?** | Aðlögun á milli deilda |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Deildarfundum |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Deildarstarfsfólk |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Aðlögunin gekk mjög vel og öll börn voru tilbúin í að hefja störf á nýrri deild. Gott að einn starfsmaður af Reynihlíð fylgdi þeim yfir.<br><br>**Til úrbóta hefðu þau mögulega geta komið oftar í heimsókn.** |

| **Hvað var metið?** | Hópastarf/Þemavinna |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Matið fór fram meðal starfsmanna á deildarfundi. |

| | |
|---|---|
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Deildarstarfsfólk |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Það var ekki mikið um þema vinnu en deildin fór í vinnu með þó nokkur verkefni yfir veturinn líkt og tannverndarvika, sögugerð, Hrekkjavaka og Barnamenningahátíðinni ber helst að nefna. Blær var einnig nýttur þegar helst var þörf á honum þegar samskiptavandi magnaðist upp á deildinni. Við nýttum líka efni sem samskiptaráðgjafi sendi okkur og mældi með. **Til umbóta mætti Blær vera oftar, sérstaklega í byrjun skólaárs.**<br><br>Útinámið reyndi deildarstjóri að samþætta með Lubba finnur málbeinið. **Til umbóta mætti tengja útinámið við frekari þemavinnu.**<br><br>Í Lubbastundum tókum við fyrir eitt málhljóð í hvert skipti, tveir hópar í einu. **Með betri nýtingu undirbúningstíma hefði mátt gera stundirnar fjölbreyttari.**<br>Í sögugerð fengu börnin að búa til sögu sem endurspegla eigin vangaveltur um lífið og tilveruna.<br>Í listsköpun var reynt að vinna með ýmis konar þema.<br>**Ef til vill hefðu mátt hafa lengra og skýrara þema til lengri tíma. Það komst ekki lengra en á umræðustig en viljinn er fyrir hendi.** |

| Hvað var metið? | Foreldrasamtöl |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Matið fór fram með vangaveltum deildarstjóra. |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Deildarstjóri |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Foreldrasamtölin voru góð leið til að ræða hluti sem ef til vill eru of viðkvæm til að ræða um í fataklefanum. Tvö samtöl voru mikilvæg þetta árið vegna þess samskiptavanda sem magnaðist upp um miðjan vetur.<br><br>**Ég sé fyrir mér tækifæri til umbóta með þeim hætti að fleiri en deildarstjóri einn taki viðtölin. Mikilvægt að undirbúningur fyrir foreldraviðtöl séu rædd við allt starfsfólk deildarinnar til að fá betri yfirsýn.** |

| Hvað var metið? | Sjónrænt dagskipulag |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | á deildarfundi. |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Deildarstarfsfólk |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Sjónrænt dagskipulag var búið til snemma í vetur. Það hékk uppi á gangi Grenihlíðar. Það verður að viðurkennast að það dagaði svolítið uppi og var lítið sem ekkert breytt á milli daga. Samt sem áður forum við yfir dagskrá dagsins reglulega á morgunfundum. |

| | |
|---|---|
| | **Það hefði mátt nýta dagskipulagið betur þar sem það var svolítið falið. Hafi það verið á meira áberandi stað þar sem morgunfundurinn var hefði slíkt nýst betur.** |

| **Hvað var metið?** | Málörvunarstundir/Getuskiptar samverustundir |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Matið fór fram meðal starfsmanna á deildarfundi. |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Deildarstarfsfólk |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Reglulega voru minni samverustundir með þeim börnum sem illa réðu við lengri morgunfundi. Börnin skiptust á að vega þjónn vikunnar og talnastjóri sem hjálpaði til við að telja fjölda barna.<br><br>Á hverjum degi var lesið fyrir börnin.<br><br>**Við hefðum gert betur við að tengja betur saman málhljóðin og hvernig stafirnir líta út.** |

| **Deild/aldur barna** | Grenihlíð 5-6 ára |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | Listsköpun. |

| | |
|---|---|
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Nýta mætti lengri tíma til að vinna með sérstök verkefni án þess að sérstakur tímarammi trufli þau of mikið. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Nýta mætti herbergin betur og hafa sér rými fyrir listsköpun svo ekki þurfi stöðugt að segja börnunum að ganga frá til að skapa rými til dæmis fyrir matartíma eða eitthvað annað. Hugarfarið um að láta klukkuna ekki stjórna sér væri flott þróun í starfi deildarinnar. |
| **Ábyrgð** | Hjá starfsmönnum deildarinnar næsta vetur. |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Gott væri að hefja þetta næsta haust og endurskoða svo að ári. |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Með fundum meðal starfsmanna. |

| **Deild/aldur barna** | Grenihlíð 5-6 ára |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | Hlutverkaleikir. Mikill hlutverkaleikur á sér stað í frjálsum leik. Jafnt með segulkubbum og dýrum ásamt holukubbum. Börnin sóttu mikið í að gera leikrit og tónleika með holukubbum. |
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Ef til vill væri hægt að samþætta hlutverkaleik með stærðfræði með því að hvetja þau til að búa til búð/bakarí eða eitthvað slíkt. Slíkt væri stýrður hlutverkaleikur en það þarf að fara varlega svo kennari stýri leiknum ekki um of. Forsendur leikja eiga að vera barnanna. Gæta þarf þess að börnin fái að eiga rödd í slíkum leikjum. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Með því að starfsmenn fái undirbúning sinn og mannskap til að leysa þá af er hægt að undirbúa hina ýmsu leiki sem væri stýrð. |
| **Ábyrgð** | Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar. |

| | |
|---|---|
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Flott væri að hefjast handa í haust og endurskoða svo hlutverkaleikinn næsta vor. |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Samtöl og fundir meðal starfsmanna og svo líka um að gera að spyrja börnin hvernig hafi gengið og hvað var skemmtilegast í „þykistuleikjunum“. |

## Reynihlíð

| Hvað var metið? | Aðlögun á mill deilda |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Umræður |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Deildarstarfsfólk |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Aðlögun gekk mjög vel enda höfðu þau komið oft áður í heimsóknir í Rugli á milli deilda (flæði) og komu mörg saman með vinum sínum frá Birkihlið. |

| Hvað var metið? | Hópastarf / Þemavinna |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Umræður |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Deildarstarfsfólk |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Börnin unnu oft að verkefnum í minni hópum og þemum en hefði getað verið markvissara og þemað verið í lengri tíma. |

| Hvað var metið? | Sjálfsefling |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Umræður |

| | |
|---|---|
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Deildarstarfsfólk |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Sjálfsefling<br>Unnið hefur verið markvisst með sjálfseflingu á deildinni. Áhersla hefur verið á matartíma, fataklefa, að ganga frá eftir sig og að velja sér verkefni. Einnig hefur verið áhersla á að æfa börnin að setja mörk og virða mörk annara. |

| **Hvað var metið?** | **Sjónrænt dagskipulag** |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Umræður |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Deildarstarfsfólk |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Sjónrænt skipulag er uppi á vegg en hefur ekki verið nýtt markvisst með börnunum. Þarf að nota markvissara og fara yfir í samverustund að morgni til að veita börnum upplýsingar um daginn. Í fataklefa var uppsett sjónrænt skipulag um hvernig skuli klæða sig í útiveru. Þetta skipulag var árangursríkt og vel nýtt af börnum. Mánaðardagatal var í fataherbergi þar sem viðburðir hvers mánaðar voru settir myndrænt í dagatalið. Dagatalið auðveldaði börnunum að átta sig á hvað var fram undan. Einnig nýttu foreldrar sér dagatalið til að minna sig á viðburði. |

| **Hvað var metið?** | **Samverustundir** |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Umræður |

| | |
|---|---|
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Deildarstarfsfólk |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Málörvunarstundir / skipting eftir getu í samverustundir<br>Í samverustundum og lestrarstundum hefur börnum verið getuskipt í hópa. Söngstundir hafa einnig verið reglulegar í vetur en minna hefur verið um markvissar málörvunarstundir í litlum hópum með þeim sem þurfa mest á því að halda. Við þurfum að bæta það. |

Starfið á deildinni gekk vel. Færri börn voru í vetur og stemningin í hópnum góð. Börnin voru virk starfi og áhugasöm. Þegar komu upp árekstrar hjá börnunum gekk yfirleitt vel að leysa þá.

Við unnum markvisst með félagsþroska með Blæ vinaverkefni og öðru, hljóðkerfisvitundina með Lubba og málhljóðin, skapandi starf (tónlist og myndlist), málörvun í daglegu starfi, vettvangsferðir t.d. reglulega farið í bókasafn og frjáls leikur þess á milli.

## Birkihlíð

| Deild/aldur barna | 3-4 ára |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | Vetur gekk vel og við náðum að sinna flest öllu.<br>Sköpun<br>Útikennsla<br>Innlögn með einingakubba<br>hlutverkaleikur |

| | |
|---|---|
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Við erum ánægðar hvernig við notum sköpun í okkar starfi. Börnin hafa aðgang að efnivið til sköpunar alla daga og við fléttum þetta inn í allt starf.<br>Kynnast náttúrunni og umhverfi. Að vori ræða um hvernig náttúrna vaknar, setja niður fræ, rækta og fara í bambahúsið.<br>Það má vinna meira með einingarkubba og kannski setja þá í hópastarf og líka að starfsfólk kynni sér hugmyndafræðina að baki þeim.<br>Við leggjum áherslu á hlutverkaleik og að hann sér fyrir alla. að leikurinn sé notaður til þess líka að efla samskipti hjá börnum og tjáningu. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Kannski að börnin fái að meta meira verkefni sín, og hægt að hafa sem skráningu.<br>Fara oftar í vettfangsferðir og oftar í gönguferðir eða nýta útisvæðin metur í t.d. samverustundir og annað.<br>Starfsmenn kynni sér fræðin<br>Að starfsmenn séu meira/oftar til staðar með, til þess að hjálpa til við að þróa leikinn ef þarf. |
| **Ábyrgð** | Ábyrgðin liggur hjá öllum. Allir þurfa að vera meðvitaðir um stefnu starfsins og vinna eftir því og deildarstjóri verður að hafa yfirumsjón með því. |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Með nýju skólaári er hægt að fara í stærri beytingar, en litlu breytingarnar eru í stöðugi vinnslu. |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við** | Það er hægt að meta á deildarfundum og í samræðum. Hafa gátlista og að fólk getur fengið |

| | |
|---|---|
| **matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | það og aðra vinnulista til þess að fylla út og meta fyrir sjálft sig í undirbúning og svo er hægt að eyrnamerkja ákveðna deildarfundi þar sem að það er rætt. Það ýtir undir sjálfsábyrgð og fókus á starfinu. |

| **Hvað var metið?** | **Sjálfsefling** |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | umræða |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Allir starfsmenn |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Sjálfsefling: heilt yfir gekk sjálfsefling vel. Hún er mikilvægur þáttur í daglegu starfi, fataklefi, matartímar og salernisferðir.<br>Helstu styrkleikar: stöðug hvatning að gera sjálf,<br>Tækifæri til umbóta: athuga betur sjálfseflingu í samskiptum t.d. í að leysa vandamál sjálf og að stoppa óþarfa klöguskjóður. |
| **Hvað var metið?** | **Aðlögun á milli deilda** |
| **Hvernig fór matið fram?** | Aðlögun á milli deilda |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Allir starfsmenn á deild |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Styrkleikar: Gekk vel hjá flestum vegan mikillar samvinnu á milli deilda.<br>Tækifæri til umbóta: má alltaf kynnast börnunum betur sem er að koma. Kynnast foreldrum betur og fá þau í heimsókn áður en að önnin hefst. Hafa foreldrakynningu. |
| **Hvað var metið:** | **Foreldraviðtöl fyrir og eftir áramót** |

| | |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Umræða |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Allir starfsmenn á deild |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Styrkleika: Skiptir máli að hafa þessi samtöl allir sammála.<br>Tækifærit il umbót: Kannski hafa markmið deildarinnar fyrir veturinn upp á blað í fataklefa, og foreldrar vita þá hvaða áherlsur eru og það hjálpar þeim að hafa umræðupunkta fyrir samtölin líka. |
| **Hvað var metið?** | **Hópastarf/ Þemavinna** |
| **Hvernig fór matið fram?** | umræða |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Allir starfsmenn |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Styrkleika: Allir sammála um að það er gott að hafa þema til að vinna eftir, rammi fyrir vinnuna okkar.<br>Tækifæri til umbóta: gefa börnunum tíma til þess að meta líka verekfni sín í þema vinnunni. |
| **Hvað var metið?** | **Sjónrænt dagskipulag** |
| **Hvernig fór matið fram?** | Umræða milli starfsfólks |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Allt starfsfólk |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Styrkleikar: þetta sýnilegt í hæð barna. |

| | |
|---|---|
| | Tækifæri til úrbóta: að öll hópaskipting sé sýnilegri. |
| **Hvað var metið?** | **Málörvun /skipting í samverustundir** |
| **Hvernig fór matið fram?** | Umræða allra |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Allir starfsmenn |
| Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) | Það er skipt eftir getu í samveru og við höfum málörvunar stundir. Þetta er mjög mikilvægt. Tækifæri til umbóta: að það sé einhver ein manneskja með hvern hóp fyrir sig og á að undirbúa og skipuleggja samverustundirnar í tengslum við þema og sönglög og annað. |

Starfið á deildinni gekk heilt yfir mjög vel. Starfsfólk var samstíga og vissu allir tilgang sinn á deildinni. Mjög gott samstarf var við samliggjandi deild og unnu deildarstjórar mjög vel saman með sameiginlega þema vinnu, hringekju og opið á milli deilda.

## Furuhlíð

| **Hvað var metið?** | **SJÁLFSEFLING** |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Á deildarfundum og í almennu spjalli. |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Starfsfólk deildar, foreldrar í foreldrasamtölum, í spjalli við bornin í daglegu starfi. |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Börnin eru hvött til sjálfseflingar í öllu starfi, t.d. að klæða sig sjálf í fataklefa, skammta sér sjálf í matartíma og smyrja sjálf, útklá minniháttar deilur og árekstra við önnur börn sjálf. Börnin eru mörg orðin mjög sjálfstæð og dugleg að bjarga sér sjálf um margt en þó með aðstoð ef þarf, t.d. fara á klósett, fylla á vatnsbrúsana sína, ganga frá dóti og fl. Umbætur: t.d. hafa vatnsliti í boði á |

| | |
|---|---|
| | vagni, starfsfólk gefi börnunum tíma til að gera sjálf við grípum stundum of fljótt inn í. |
| **Hvað var metið?** | **AÐLÖGUN Á MILLI DEILDA** |
| **Hvernig fór matið fram?** | Á deildarfundum og í almennu spjalli. |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Starfsfólk deildar, foreldrar í foreldrasamtölum, í spjalli við bornin í daglegu starfi. |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Aðlögun gekk ótrúlega vel í heildina. Börnin sem við skiluðum af okkur í Birkihlíð voru mjög fljót að aðlagast enda vorum við búin að vera mjög dugleg að hafa opið á milli deilda og vinna með Birkihlið. Aðlögun barna á milli húsa gekk líka vel, lítið mál fyrir flest bornin. Umbætur: starfsfólk komi oftar með bornin inn í heimsókn og staldri lengur við, t.d. borða hádegismat. Þá gætu "gömlu" bornin í Furuhlíð fengið að borða í Stakkahlíð? |
| **Hvað var metið?** | **FORELDRASAMTÖL FYRIR OG EFTIR ÁRAMÓT** |
| **Hvernig fór matið fram?** | Á deildarfundum og í almennu spjalli. |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Starfsfólk deildar, foreldrar í foreldrasamtölum, í spjalli við bornin í daglegu starfi. |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Samtölin gengu mjög vel. Mun betra að hafa tvö samtöl á skólaárinu en eitt. Í fyrra samtalinu gátum við farið yfir væntingar foreldra og hvað við ætlum að vinna með á skólaárinu. Sýndum niðurstöður úr EFI og foreldrar voru ánægðir með það. Í seinna samtalinu forum við yfir hvernig er búið að ganga og gerðum endurmat á stöðu barnanna. Umbætur: gott væri að geta sýnd |

| | |
|---|---|
| | foreldrum niðurstöður úr TRAS en ekki gafst tími til þess núna. |
| | **HÓPASTARF/ÞEMAVINNA** |
| | |
| **Hvernig fór matið fram?** | Á deildarfundum og í almennu spjalli. |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Starfsfólk deildar, foreldrar í foreldrasamtölum, í spjalli við börnin í daglegu starfi. |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Hópastarf hefur gengið vel, þ.e. vinna með Lubba og hringekja en þá skiptum við hópnum í þrennt og þau fara á milli skemmtilegra stöðva, t.d. með sköpun/myndlist, jóga, Blæ, vinnu með kubba, sull og ljósvinna. Þemavinna hefur gengið ágætlega, höfum unnið með klassík þemu tengt árstíðum, gripið áhuga barnanna og unnið með tunglið og skordýr. Reynum að tengja þemun inn á mörg svið, þ.e. sköpun, tjáning, læsi, hreyfing og fl. Höfum einnig unnið þemavinnu í samstarfi við Birkihlíð og hefur það gengið vel og mikill kostur að geta samnýtt krafta sína og hugmyndir. |
| **Hvað var metið?** | **SJÓNRÆNT DAGSKIPULAG** |
| **Hvernig fór matið fram?** | Á deildarfundum og í almennu spjalli. |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Starfsfólk deildar, foreldrar í foreldrasamtölum, í spjalli við börnin í daglegu starfi. |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Sjónrænt dagskipulag er á tveimur stöðum á deildinni, inni í matstofu í samverustundarhorni og frammi á gangi þegar þau ganga inn á deild. Svo erum við málbein með nöfnum barnanna sem þau finna í upphafi dags og skipta út fyrir |

| | |
|---|---|
| | mynd af dýrum. Börnin eru ekki mikið að pæla í þessu skipulagi og skoða enda flest orðin mjög örugg á deildinni og vita hvað er framundan því við erum með frekar skýra dagskrá og tölum um hvað er framundan í samverustund á morgnana. |
| **Hvað var metið?** | **MÁLÖRVUNARSTUNDIR/SKIPTING EFTIR GETU Í SAMVERUSTUNDIR** |
| **Hvernig fór matið fram?** | Á deildarfundum og í almennu spjalli. |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Starfsfólk deildar, foreldrar í foreldrasamtölum, í spjalli við bornin í daglegu starfi. |
